

Bankaráð Landsbankans hf.

Reykjastræti 6

101 Reykjavík

Reykjavík 18. mars 2024

Efni: Kaup Landsbankans hf. á TM tryggingum hf. og krafa um frestun aðalfundar

Vísað er til tilkynningar Kviku banka hf. („Kvika“), dags. 17. mars sl., þar sem upplýst var um að Kvika hafi ákveðið að taka tilboði Landsbankans hf. um kaup á 100% hlutafjár í TM tryggingum hf. („TM“), með hefðbundnum fyrirvörum. Kaupverð skv. tilkynningunni er 28,6 ma.kr. og mun Landsbankinn greiða kaupverðið með reiðufé.


Þá er vísað til fundar bankaráðs Landsbankans með stjórn Bankasýslu ríkisins („BR“) í dag þar sem bankaráðið var spurt nánar út í ofangreind viðskipti.

BR, sem fer með 98,2% hlut í Landsbankanum f.h. ráðherra, lýsir yfir vonbrigðum með ákvarðanatöku og upplýsingagjöf um ofangreind viðskipti. Samkvæmt gr. 5.6. í samningi um almenn og sértæk markmið í rekstri NBI hf. (nú Landsbankans hf.), milli BR og stjórnar Landsbankans frá því í desember 2010, ber Landsbankanum án tafar að upplýsa hluthafa um öll mikilvæg mál sem upp kunna að koma, eða eru ákveðin af bankanum og gætu haft afgerandi áhrif á rekstur og efnahag. Jafnframt skal bankinn upplýsa BR um öll mikilvæg mál sem upp kunna að koma eða eru ákveðin af bankanum og kunna að hafa áhrif á atriði er varða samninginn. Þess ber að geta að eigendastefna ríkisins er fylgiskjal með samningnum.

Það er mat BR að tilboð Landsbankans í 100% eignarhlut TM sé þess eðlis að Landsbankanum hafi borið að upplýsa BR um það með skýrum og formlegum hætti og með eðlilegum fyrirvara. Þar sem það var ekki gert óskar BR eftir því að bankaráð Landsbankans skili stofnuninni greinargerð um ofangreind viðskipti, þar sem m.a. er lýst aðdraganda tilboðsins, framvindu þess og ákvarðanatöku, forsendum og rökum viðskiptanna, skyldum Landsbankans gagnvart BR skv. samningi aðila frá desember 2010 og ákvæðum eigendastefnu ríkisins. Þá er þess sérstaklega óskað að gerð verði grein fyrir því hvernig þessi viðskipti hafa áhrif á áhættu í rekstri bankans og getu hans til arðgreiðslna til hluthafa eða annars konar ráðstöfunar á umfram eiginfé. Þess er óskað að greinargerð þessi verði afhent innan 7 daga frá dagsetningu bréfs þessa.

Í ljósi þess að BR telur að þær upplýsingar, sem beðið er um í greinargerð Landsbankans, geti haft mikil áhrif á dagskrá, umræður og niðurstöður fyrirhugaðs aðalfundar Landsbankans þann 20. mars nk. er þess hér með krafist að bankaráð Landsbankans fresti aðalfundi um 4 vikur.

Virðingarfyllst,



Jón G. Jónsson, forstjóri